

Ed.

661. Frumvarp til laga

[404. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Á árinu 1985 er stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands heimilt að kaupa skuldabréf af viðskipta-
bönkum og sparisjóðum fyrir allt að 500 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í
erlendri mynt. Fjár til kaupanna skal sjóðurinn afla með yfirtöku lána úr Framkvæmdasjóði
Íslands, sbr. lög nr. 43 30. maí 1984 og bráðabirgalög nr. 102 30. júlí 1984.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að
fella niður stimpilgjald af skuldabréfalánnum samkvæmt 1. mgr. í samræmi við reglur
sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Við kaup á skuldabréfum samkvæmt 1. gr., er stjórn Fiskveiðasjóðs óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976, en skuldabréf þessi skulu vera tryggð með veði í fiskiskipum og/eða fasteignum og á þann hátt sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að tilhlutan sjávarútvegsráðherra tók til starfa á miðju ári 1984 „Vinnuhópur um breytingu viðskiptaskulda sjávarútvegsfyrirtækja í lengri lán“. Skuldbreytingar þessar áttu ekki að taka til skulda eða vanskila við stofnlánasjóði. Þær skyldu miðast við lausaskuldir og vanskil umfram eðlilega gjaldfresti við almenna viðskiptamenn, opinbera aðila svo sem rafveitur svo og lífeyrissjóði. Í vinnuhópi þessum voru fulltrúar frá: Sjávarútvegsráðuneyti, Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Samkomulag varð milli þessara aðila um framkvæmd skuldbreytingarinnar. Ríkisstjórnin hafði ákveðið að Framkvæmdasjóður Íslands útvegaði fé til þessara skuldabréfakaupa allt að 500 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt, sbr. lög nr. 43 30. maí 1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984 og bráðabirgðalög, nr. 102 30. júlí 1984 um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl.

Ríkisstjórnin samþykkti tillögur vinnuhópsins á fundi sínum 9. ágúst 1984 og óskaði jafnframt eftir því við Fiskveiðasjóð, að sjóðurinn yfirtæki skuldbreytingarlán samkvæmt framansögðu. Í bréfi Fiskveiðasjóðs Íslands til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 10. sept. 1984, segir svo m. a.:

„Á yfirstandandi ári hafa, að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, verið gerðar margvíslegar aðgerðir til stuðnings útgerð og fiskvinnslu, sem taldar voru nauðsynlegar til að gera henni kleift að mæta ýmsum utanaðkomandi erfiðleikum svo sem minnkandi afla á undanföllum árum og beinum aflatakmrörkunum á þessu ári. Liður í þessum aðgerðum er breyting á skuldum útgerðar við stofnlánasjóði, sem Fiskveiðasjóður hefur tekið þátt í samkvæmt reglugerð, sem Sjávarútvegsráðuneytið hefur gefið út.

Nú hefur ríkisstjórnin hinn 9. f.m., samþykkt að beina þeim tilmælum til stjórnar Fiskveiðasjóðs, að sjóðurinn verði einnig þátttakandi í skuldbreytingu lausaskulda útgerðarinnar, sem ákveðin hefur verið og áætlað er að geti numið allt að kr. 500 millj. Hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir útvegum lánsfjár í gegnum Framkvæmdasjóð í þessu skyni.

Með því að telja verður, að hér sé um að ræða mikilvægan þátt í stuðningsaðgerðum við útgerð og fiskvinnslu og tengist þeim skuldbreytingum, sem farið hafa fram á þessu ári, telur sjóðsstjórnin eftir atvikum rétt að verða við þessum tilmælum ríkisstjórnarinnar.

Sjóðsstjórnin bendir á að yfirtaka sjóðsins á skuldabréfum skv. fyrrgreindum tilmælum, getur ekki hafist fyrr en heimildir eru fengnar að lögum varðandi veðmörk o.fl. Að fengnum slíkum lagaheimildum yrði stofnaður nýr lánaflokkur eða deild við sjóðinn og um það efni gefin út sérstök reglugerð.“

Skuldbreytingar þessar fara þannig fram, að viðskiptabankar og sparissjóðir kaupa skuldabréf af útgerðum og fiskverkendum. Þau kaup eru langt komin. Nú er brýnt, að yfirtaka Fiskveiðasjóðs geti hafist sem fyrst, enda er fyrsti vaxtagjalddagi skuldabréfanna 1. maí 1985.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kaup á skuldabréfum þeim, sem um ræðir í gr., falla ekki undir hið almenna hlutverk Fiskveiðasjóðs sem stofnlánasjóðs sbr. l. 44/1976. Því þykir nauðsynlegt að heimila slík kaup sérstaklega með þessari grein. Þau skuldabréf, sem Fiskveiðasjóður kaupir, svo og þau lán sem hann tekur þeirra vegna hjá Framkvæmdasjóði Íslands, verða í japönskum yenum.

Um 2. gr.

Ljóst er að mörg þeirra fyrirtækja, sem í hlut eiga, geta ekki sett nægilegar tryggingar fyrir lánum sínum og uppfylla þannig ekki ákvæði laga nr. 44/1976, um veðmörk. Þess vegna þykir nauðsynlegt að stjórn Fiskveiðasjóðs sé óbundin af 11. og 12. gr. laganna um veðmörkin.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.